

Reykjavík, 5. mars 1996

Alþingi

Erindi nr. 5 120/1951

komudagur 6/3 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
b.t. hr. Vilhjálmur Egilssonar, formanns  
Alþingishúsinu við Austurvöll

150 REYKJAVÍK

Bankastjórn Landsbanka Íslands vísar til fundar Halldórs Guðbjarnasonar, bankastjóra, og Björns Líndal, aðst. bankastjóra með Efnahags- og viðskiptanefnd sl. föstudag. Eins og fram kom á fundinum leggur bankastjórnin þunga áherslu á að nefndin fallist á að ákvæði 2. ml. 3. mgr. 8. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði falli brott eins og gert er ráð fyrir í stjórnarfrumvarpi sem er til umræðu og afgreiðslu hjá nefndinni. Með bréfi þessu vill bankastjórnin ítreka þessa ósk sína.

Bankastjórninni er ljóst að innan nefndarinnar eru ólíkar skoðanir um afgreiðslu þessa máls og vill því taka fram að hún muni geta fellt sig við að heimild Landsbankans til töku víkjandi lána verði takmarkaðri en ákvæði VI. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði gera ráð fyrir að almennt gildi um viðskiptabanka. Er lagt til að takmörkunin verði sett fram með eftirfarandi hætti:

Ákvæði 2. ml. 3. mgr. 8. gr. orðist svo:

"Ríkisviðskiptabanka er heimilt að taka víkjandi lán allt að þeirri fjárhæð sem slík lán hafa hæst numið hjá bankanum síðan heimilt varð lögum samkvæmt að telja víkjandi lán með eigin fé við útreikning á eiginfjárlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða."

Virðingarfyllst,

LANDSBANKI ÍSLANDS

- Bankastjórn -

